

Ríkissáttasemjari
Aðalsteinn Leifsson

Reykjavík, 27. janúar 2023.

Efni: Ítrekun á afstöðu Eflingar-stéttarfélags vegna miðlunartillögu ríkissáttasemjara

Ítrekuð er sú afstaða sem fram kom í bréfi Eflingar-stéttarfélags sem sent var í gær. Þar kom fram að erindi ríkissáttasemjara nefnd „Miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Eflingar-stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins“ og „Framkvæmd og fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara“ séu ólögmat og markleysa.

Afstaða Eflingar er því skýr en þrátt fyrir það var í bréfi ríkissáttasemjara, sem sent var síðdegis í gær, ekki að neinu leyti rökstutt hvernig athafnir ríkissáttasemjara samrýmast form- og efnisskilyrðum laga. Þá voru ekki veittar umbeðnar upplýsingar um undirbúning og ákvarðanatöku ríkissáttasemjara.

Vegna kröfu ríkissáttasemjara um að Efling-stéttarfélag afhendi fyrirtækinu Advania félagatal stéttarfélagsins á rafrænu sniði er rétt að áréttta eftirfarandi:

Upplýsingar um stéttarfélagsaðild eru viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. a-lið 3. töluliðar 3. gr. þeirra laga. Vinnsla slíkra upplýsinga þarf því að uppfylla bæði almenn skilyrði 9. gr. laganna og þau sérstöku skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem kveðið er á um í 11. gr. laganna.


Í bréfum ríkissáttasemjara er ekki vísað til þeirrar lagaheimildar sem fyrirhugaðri vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er ætlað að styðjast við. Þá er ekki að finna þar annan rökstuðning fyrir því hvort og þá hvernig fullnægt sé skilyrðum 9. og 11. gr. laga nr. 90/2018 til vinnslunnar að öðru leyti. Ekki fylgdu heldur með bréfunum afrit af eða upplýsingar um vinnslusamning embættisins við Advania eða þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar verði við vinnsluna.

Skortur á upplýsingum um lagagrundvöll og forsendur boðaðrar vinnslu ríkissáttasemjara á viðkvæmum persónuupplýsingum allra félagsmanna Eflingar-stéttarfélags á almennum vinnumarkaði er enn bagalegri í ljósi þess að ekki verður ráðið af þeim ákvæðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sem ríkissáttasemjari vísar til að það sé hlutverk ríkissáttasemjara að annast um framkvæmd kosninga um miðlunartillögu sem hann setur fram. Þá felst ekki í tilvitnuðum ákvæðum nein skylda stéttarfélags til að afhenda ríkissáttasemjara félagatal sitt.

Ríkissáttasemjari hefur þannig ekki bent á lagaheimild fyrir því fyrirkomulagi kosninga sem hann tilkynnti fyrirvaralaust í gærmorgun og er tilefni beiðni embættisins um afhendingu félagatals stéttarfélagsins. Hvorki liggur þannig fyrir að beiðnin sé sett fram af lögmætu tilefni né að fullnægjandi lagaheimild standi til hennar.

Í tilefni af niðurlagi bréfs ríkissáttasemjara, sem sent var síðdegis í gær, er rétt að taka fram að réttur félagsfólks Eflingar-stéttarfélags felst fyrst og fremst í því að samninganefnd með lýðræðislegt umboð semji um kaup og kjör félagsmanna. Hinar ólögmætu aðgerðir ríkissáttasemjara hafa það markmið að svipta Eflingu-stéttarfélag og félagsmenn þess þeim grundvallarrétti.

Virðingarfyllt



Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður samninganefndar Eflingar